

Mál nr. 416/2013
M
og V v/ ferðasjúkratryggingar erlendis í fjölskyldutryggingu

Krafa um endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna veikinda í golfferð í október 2013.

Gögn.

1. Málskot móttækið 9. desember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 23. desember 2013.

Málsatvik.

M fór í vikuferð til Spánar í október 2013. Hugðist M nýta ferðina til golfiðkunar. Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hann hafi ekki getað stundað golf í ferðinni vegna veikinda sem fólust m.a. í hjartsláttaróreglu. M leitað til hjartalækis þegar hann kom heim og staðfest er í læknisvottorði að M hafi greinst með gáttatíf og fengið meðferð vegna þess í kjölfarið. Einnig liggur fyrir yfirlýsing frá fararstjóra í ferð M þar sem hann hefur eftir M að hann hafi ekki getað tekið þátt í ferðinni vegna veikinda.

M telur að hann eigi rétt á greiðslu bóta þar sem hann hafi ekki getað nýtt umrædda ferð sína til golfiðkunar eins og til stóð. M vísar til ummæla og yfirlýsinga hjartalækna til staðfestingar á því að það hafi verið rétt af hans hálfu að hætta golfiðkun vegna veikinda.

V vísar til skilmála ferðasjúkratryggingarliðar fjölskyldutryggingar þar sem kemur fram í gr. 3.5.1 að skilyrði þess að greiddar séu bætur vegna þess liðar eru þau að orlofsferð sé rofin skv. fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða vátryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. helming ferðatímans. Þau skilyrði séu ekki uppfyllt í máli M og séu því ekki tilefni til greiðslu bóta úr umræddri vátryggingu hans.

Álit.

M var vátryggður með vátryggingarskilmálum ferðasjúkratryggingarliðar fjölskyldutryggingar hjá V þegar hann fór í orlofsferð til Spánar í október 2013. Í málinu liggja fyrir gögn um veikindi M sem ekki eru véfengd. Þau sýna hins vegar ekki að skilyrði til greiðslu bóta skv. gr. 3.5.1 í skilmálum vátryggingar M séu uppfyllt, þ.e. að hann hafi þurft að rjúfa ferð skv. fyrirmælum læknis áður en hún var hálfnuð eða legið á sjúkrahúsi a.m.k. helming ferðatímans. M rauf ekki ferð sína með því að fara heim fyrr en fyrirhugað var og hann lá heldur ekki á sjúkrahúsi vegna veikinda sinna. Annað þessara atriða er ótvírætt skilyrði greiðslu bóta skv. skilmálum vátryggingar M og á meðan veikindi M leiddu ekki til annars tveggja, ferðarofs eða sjúkrahúsvalar á meðan á ferð stóð, á hann ekki rétt á greiðslu bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðasjúkratryggingu erlendis í fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl

Jón Magnússon hrl.